

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/871

2017/EES/67/63

frá 22. maí 2017

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á fosfórsýru — fosfötum — dí- trí- og fjölfosfötum (E 338–452) í tiltekna unnar kjötvörur (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 <sup>(2)</sup>, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 11. maí 2015 lagði Tékkland fram umsókn um leyfi fyrir notkun á fosfórsýru, fosfötum, dífosfötum, trífosfötum og fjölfosfötum (hér á eftir nefnd fosföt) sem bindiefni í eftirfarandi unnar kjötvörur: *Bílá klobása*, *Vinná klobása*, *Svátečni klobása* og *Syrová klobása*. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Notkun fosfata er nauðsynleg til að viðhalda eðlisefnafræðilegu ástandi og auka bindigetu unninna kjötvara, s.s. *Bílá klobása*, *Vinná klobása*, *Svátečni klobása* og *Syrová klobása*, einkum þegar þær eru settar á markað í loftskiptum umbúðum og með auknu geymsluþoli. Samkvæmt umsækjandanum er tæknilega þörfin fyrir þessi aukefni í viðkomandi tékkneskar unnar kjötvörur svipuð og í morgunverðarþylsur og Bräte en notkun fosfata í þær vörur er heimiluð í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 í matvælaflokknum 08.2 „Unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“.
- 5) Í 7. forsendu reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 er mælt fyrir um að í samþykki fyrir matvælaaukefnum ætti einnig að taka mið af öðrum þáttum sem skipta máli í þessu tilliti, þ.m.t. eru m.a. hefðbundnir þættir. Því er rétt að halda tilteknum hefðbundnum vörum á markaði í sumum aðildarríkjum, að því tilskildu að notkun matvælaaukefna í þessar vörur uppfylli almennu og sértæku skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 6) Til að tryggja samræmda beitingu á notkun aukefna sem falla undir þessa reglugerð verður viðkomandi unnum tékkneskum kjötvörum lýst í leiðbeiningarskjali þar sem matvælaflokkunum í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum <sup>(3)</sup> er lýst.
- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Notkun fosfata sem matvælaaukefni er heimiluð í margs konar matvæli. Vísindanefndin um matvæli mat öryggi þeirra og setti hámarks-gildi þolanlegrar, daglegrar inntöku sem nemur 70 mg/kg líkamsþyngdar, gefin upp sem fosfór <sup>(4)</sup>. Þar eð umsókn um rýmkun á notkun fosfata

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 134, 23.5.2017, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

<sup>(3)</sup> [http://ec.europa.eu/food/safety/food\\_improvement\\_agents/additives/eu\\_rules\\_en](http://ec.europa.eu/food/safety/food_improvement_agents/additives/eu_rules_en)

<sup>(4)</sup> Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli, 25. ritröð (bls. 13), 1991.

takmarkast við fáar sértækar vörur sem hefð er fyrir að nota er ekki búist við að rýmkinin hafi marktæk áhrif á heildarváhrif vegna fosfata. Af þeim sökum telst rýmkuð notkun á þessum aukefnum uppfærsla á skrá Sambandsins sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna og er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

- 8) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. maí 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir fosfórsýru — fosföt — dí-, trí- og fjölfosföt (E 338–452) í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í matvælaflokki 08.2 „Unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“, komi eftirfarandi:

|  |            |   |       |         |   |
|--|------------|---|-------|---------|---|
|  | „E 338–452 | Fosfórsýra — fosföt — dí-, trí- og fjölfosföt | 5 000 | (1) (4) | Einungis morgunverðarpylsur: í þessari afurð er kjötið hakkað þannig að vöðva- og fituvefur dreifist fullkomlega og trefjarnar mynda ýrulausn með fitunni og gefa þannig afurðinni dæmigert útlit sitt; grásöltuð finnsk jólaskinka, hamborgarakjöt sem inniheldur a.m.k. 4% af grænmeti og/eða korni sem er blandað saman við kjötið, <i>Kasseler</i> , <i>Bräte</i> , <i>Surfleisch</i> , <i>toorvorst</i> , <i>šaslökk</i> , <i>ahjupraad</i> , <i>Bílá klobása</i> , <i>Vinná klobása</i> , <i>Svátečni klobása</i> og <i>Syrová klobása</i> “. |
|--|------------|---|-------|---------|---|